



HÚSASKIPAN
SKOGARKOT
ÞINGVALLASVEIT
ARIÐ 1917
ÞRÖSTUR 7. 96

HÁSKÓLI ÍSLANDS

vor 1996

Félagsvísindadeild

Þjóðhættir í bændasamfélaginu

10.10.42-960

Kennari

Ögmundur Helgason

**Búskaparhættir að Skógarkoti í Þingvallasveit
eftir síðustu aldamót**

**Ingibjörg Jóna Helgadóttir
130738-2579**

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Heimilisfólkið í Skógarkoti	3
Annað heimilisfólk	3
Húsakynni	4
Nýtt íbúðarhús	4
Eldhúsið í nýja húsinu	5
Daglegt fæði	5
Bakstur	6
Handavinna	6
Þvottar	7
Garðrækt	7
Gestagangur	7
Veiði til matar	8
Búskaparhættir	8
Aðdrættir	9
Vorverk	9
Sumarverk	10
Haustverk	10
Vetrarverk	10
Kvöldvökur	11
Skólaganga	11
Leikir	11
Samgöngur	12
Þórhallastaðir - Ölkofri	12
Flutningur frá Skógarkoti	12
Minningarlundur um Jón Jóhannsson	12
Heimildir	13

Inngangur

Áður en iðnbyltingin hélt innreið sína voru Íslendingar fyrst og fremst landbúnaðarþjóð og lifðu af þeim afurðum sem þeir framleiddu ásamt því að róa til fiskjar. Flestir bjuggu í sveitum og unnu við þau störf sem bændur, leiguliðar eða vinnufólk. Þá voru jafnvel engar klukkur til á heimilunum og fólk notaði eyktamörkin sem voru átta: ótta, miður morgunn, dagmál, hádegí, nón, miðaftann, náttmál og miðnætti, til að fylgjast með tímanum. Það fylgdist með sól og stjörnum til að vita hvað tímanum leið.

Sauðfjárbúskapur var aðalatvinnugrein Íslendinga í aldaraðir og mun ég reyna hér á eftir að segja frá lifnaðarháttum bændafólks upp úr síðustu aldamótum. Það bjó við ótrúlega frumstæðar og erfiðar aðstæður þó ekki sé lengra síðan, miðað við það sem nú tíðkast.

Heimilisfólkið í Skógarkoti

Hjónin Ólína Jónsdóttir, f. 27. september 1873, og Jóhann Kristján Kristjánsson, f. 20. maí 1879, tóku sig upp frá bænum Ingunnarstöðum í Kjós þar sem þau bjuggu og fluttu að Skógarkoti í Þingvallasveit árið 1909. Skógarkot var ríkisjörð sem þau tóku á leigu. Þá höfðu þau eignast tvo drengi, Kristján, f. 1907 og Jón, f. 1908. Í Skógarkoti fæddust þeim þrjú börn í viðbót, Pétur, f. 1911, Herdís, f. 1913 og Greta, f. 1916.

Annað heimilisfólk

Árið 1916 fóru Jóhann og Ólína norður í land og sóttu foreldra Ólínu, Jón og Herdís. Þau bjuggu þá að Miðhópi í Víðidal í V.-Húnavatnssýslu. Í þá daga voru hestar notaðir til allra búferlaflutninga. Það hefur ekki verið auðveldur búferlaflutningur því þau voru bæði orðin blind.

Húsakynni

Þegar Ólína og Jóhann fluttust ásamt börnum sínum að Skógarkoti var þar *torfbær* sem húsaskjól fyrir fólkið. Fyrst var gengið inn göng, inn í eldhúsið, sem var með moldargólf. Úr eldhúsinu var gengið inn í baðstofuna en þar var timburgólf. Inn af eldhúsinu var geymsla fyrir verkfæri, eldivið, áhöld og fleira og hlóðaeldhús. Úr geymslunni var gengið inn í fjósið. Auk þess var lítið herbergi inn af baðstofunni. Á milli hlóðaeldhússins og geymslunnar var hurð lokað með bandlóði. Þegar hurðinni var sleppt rann lóðið niður. Slíkar hurðir voru kallaðar fellihurðir. Öðrum hurðum var lokað með trésnerlum. Jóhann smíðaði sjálfur snerlana. Eldhúsið var rúmgott með borði og stólum. Þar var eldavél með bakaraofni, hituð upp með kolum og viði. Í baðstofunni, sem var 4ra stafgólfa, voru 3 rúm vinstra megin og sneru göflum saman en á móti voru 2 rúm hægra megin. Þar var gengið inn í baðstofuna. Inn af baðstofunni var lítið herbergi sem var 2ja stafgólfa. Þar sváfu foreldrar Ólínu eftir að þau fluttust að Skógarkoti. Í baðstofunni og litla herberginu voru ofnar sem voru kyntir upp. Í baðstofunni var ofninn þó miklu stærri sem eðlilegt var. Í hlóðaeldhúsinu var sett járnplata yfir hlóðirnar. Á henni voru bökuð brauð og hvolfst yfir einhverju íláti til að hlífa bakstrinum. Flatbrauð var mikið bakað á hlóðunum. Til að lýsa upp húsið voru notaðir olíulampar. Hreinlætisaðstaðan var útikamar sem stóð til hliðar við geymsluna. Á þakinu var renna fyrir rigningarvatnið sem látið var renna í tunnu sem stóð hliðar-megin við húsið. Brunnur var austast í túninu.

Á stéttinni fyrir framan torfbæinn, að vestanverðu við eldhúsið, stóð lítið timburhús sem var byggt árið 1907. Það var hæð og lítið ris. Rísið var manngengt. Þetta litla timburhús var kallað „gestastofa“. Þegar nýja íbúðarhúsið var byggt var þetta litla timburhús fært að nýja húsinu sem viðbygging. Það var með stofu og svefnherbergi. Þarna sváfu næturgestir. Á þessu litla timburhúsi var vindhani sem sýndi ártalið 1907.

Nýtt íbúðarhús

Á árunum 1920-1921 var byggt nýtt íbúðarhús. Það var járnklætt timburhús, með kjallara, þar sem slátur, strokkur, skilvinda o.fl. var geymt. Á hæðinni var eldhús sem hægt var að ganga úr niður í kjallarann. Úr eldhúsinu var gengið í baðstofuna og inn af henni var lítið herbergi. Einnig var gengið úr baðstofunni inn í stofu og 2 svefnherbergi. Þau voru líka með sérinngangi að austanverðu. Þessi herbergi voru notuð sem gestaherbergi.

Hluti af gamla bænum var látinn halda sér við nýja íbúðarhúsið og hluti af baðstofunni sem gömlu hjónin sváfu í. Baðstofan var við hliðina á gamla eldhúsinu í torfbænum.

Eldhúsið í nýja húsinu

Í nýja eldhúsinu var stór kolaeldavél og stór vatnskassi með loki áfastur við eldavélina. Eldavélin hitaði vatnskassann upp þegar hún var í notkun. Emileraður bali var notaður til uppvotta á eldhúsborðinu. Börnin voru hins vegar böðuð í trébala í eldhúsinu. Í eldhúsinu voru bekkir hvor sínum megin við matarborðið sem rúmaði tólf til fjórtán manns, auk nokkurra stóla. Einn veggur var notaður undir neðri skápa sem var þá líka hægt að nota sem borð. Þarna voru engir efri skápar. Geymsluskápur var í horninu við hliðina á glugganum þar sem gengið var niður í kjallarann. Þar voru geymdar matvörur til daglegs brúks. Kjallarinn var notaður sem „kæliskápur“ og svo kaldur að hann geymdi vel matinn.

Gengið var inn af eldhúsinu í lítið hlóðaeldhús. Í eldhúsinu sjálfu var unnið að sláturgerð á haustin. Hins vegar var slátrið soðið í hlóðaeldhúsinu, hausar og lappir voru sviðnir þar. Kjöt var reykt og hengt upp í hlóðaeldhúsinu.

Notuð var skilvinda til að skilja mjólkina. Skyrið var hleypt undanrenna. Það var síað á grind og látið renna í stóra tunnu sem stóð í kjallaranum. Þá var mjólkursýran tilbúin. Undanrennan fór í skyrið og smjörið var búið til úr rjómanum. Strokkurinn, sem var notaður til smjörgerðarinnar, var handsnúinn með sveif. Hann var eins og tunna í laginu. Í kjallara var einnig geymt súrt slátur, sviðasulta og lappasulta.

Daglegt fæði

Í morgunmatinn var hafragrautur undirstaðan. Auk þess voru flatkökur og rúgbrauð og drukkin mjólk með. Álegg var kæfa og mysuostur sem Ólína sauð. Einnig lundabaggar og rúllupylsur til hátíðabrigða.

Hádegismatur samanstóð af silungi sem var mikið á borðum yfir sumartímann, vegna veiði í Þingvallavatni, ásamt kjötmeti og öðrum fiski. Jóhann sótti fisk vor og haust á Stokkseyri og Eyrarbakka, bæði saltfisk, siginn fisk og hausa. Hann gat nýtt sér vöruskipti á haustin þegar menn komu víða að, m.a. frá Stokkseyri og Eyrarbakka vegna murtuveiðarinnar í Þingvallavatni.

Kaffibrauðið var brauð, vöflur, pönnukökur, jólakökur, kleinur, flatkökur og fleira þess háttar.

Kvöldmaturinn samanstóð af mjólkurvellingi, slátri, brauði og áleggi. Einnig var borðaður smjörgrautur með saft og kanil.

Ólína bjó til kinda- og hrossabjúgu. Þau voru reykt og hengd upp. Einnig var reyktur silungur og geymdur. Hún bjó til buff úr kýrkjöti og sauð það niður í dósir. Það var fastur siður á heimilinu að slátra kind fyrir jólin til að borða yfir hátíðirnar. Á aðfangadagskvöld var rjúpa alltaf á borðum fyrir heimilisfólkið. Fyrir jólin var skorið út laufabrauð og borðað með jólamatnum. Auk þess voru steiktar kökur sem voru kallaðir "partar". Þetta var norðlenskur siður sem Ólína ólst upp við hjá móður sinni.

Bakstur

Baksturinn fór þannig fram að rúgbrauð voru bökuð í stórum kexkössum úr blikki, sennilega 5 kg kassar. Þau voru bökuð einu sinni í viku. Hveitibrauð voru bökuð á stórri plötu í bakaraofninum tvisvar í viku, jafnvel oftar yfir sumarmánuðina. Kleinur, flatbrauð, jólakökur, vöflur o.fl. var líka bakað meira og minna yfir sumarið.

Handavinna

Á hverju hausti kom kona, Hólmfríður að nafni, og aðstoðaði Ólínu við saumaskap. Ólína þrjónaði peysur, vettlinga og annað sem fólk þurfti eins og þá var siður og móðir hennar, blind, þrjónaði vettlinga og annað handa heimilisfólkinu. Allir grófir sokkar voru þrjónaðir úr grófara bandi. Þelband var notað í nærfatnað og sparisokka. Bandið var mosalitað. Þrjónarnir voru innfluttir járnþrjónar. Ólína heklaði líka milliverk í sængur- og koddaver. Hún lærði saumaskap í húsmæðraskóla fyrir norðan, í Ytri Eyjarskóla á Skagaströnd. Auk þess lærði hún klæðskerasaum í Reykjavík. Hún saumaði fatnað á heimilisfólkið á þýska saumavél sem kom að góðum notum. Ólína spann líka á rokk eins og algengt var þá í sveitum. Jóhann eignaðist vefstól og óf klæði í fatnaðinn sem Ólína saumaði. Auk þess óf hann rúmteppi og fleira úr bandi. Seinna kom spunavél sem fólkið í sveitinni notaði saman og konurnar bjuggu til band úr lopanum. Móðir Jóhanns, Greta, vann líka mikið við viðgerðir á fatnaði þegar hún var stödd þarna yfir sumartímann.

Jón, faðir Ólínu, fléttaði gjarðir og reipi til að nota við klyfbera, hnakka og annað sem til þurfti við búskapinn.

Ólína hafði venjulega eina stúlku sér til hjálpar við heimilisstörfin.

Þvottar

Þvottarnir fóru fram í hlóðældhúsinu. Þar var stór suðupottur sem Ólína hitaði upp með hrís. Hún náði í vatnið út í brunninn sennilega um 400 metra, varlega áætlað. Yfir sumartímann þurfti að fara með þvottinn út að Öxará og setja upp hlóðir. Þar þurfti að hita vatnið til að þvo þvottinn. Síðan var honum ekið heim á hestvagni og hann hengdur upp á útisnúrur sem voru við bæinn.

Ólína bjó til sápu sem var notuð til grófari þvotta. Sápan var búin til úr allri afgangsfæti og settur þvottasódi saman við.

Garðrækt

Ólína setti alltaf niður kartöflur og rófur á hverju vori. Garðurinn var í stærra lagi og veitti ekki af fyrir allan þennan fjölda sem dvaldi þarna, auk heimilisfólksins. Þessi garðrækt dugði til matar yfir veturinn og var afraksturinn geymdur í kjallaranum.

Gestagangur

Skógarkot var í alfaraleið frá Grímsnesi, frá Laugardal yfir Gjábackkaháls úr Kjósinni og Borgarfirði, að ógleymdri Mosfellsheiðinni. Þá var ferðast yfir Kaldadal. Á þessum árum voru allar samgöngur á hestum. Þarna var mikill gestagangur allt árið. Á sumrin var mikið um að fólk kæmi með börn og gisti í tjöldum, m.a. Jón Árnason, stjörnuspekingur og prentari, Sigurður Tómasson, ljósmyndari og Þorkell Jóhannesson, fræðimaður. Þeir gistu í tjöldum að sumri til og keyptu mjólk og silung og fengu að borða í Skógarkoti. Ásgrímur Jónsson og Jóhannes Kjarval, listmálarar, dvöldust þarna líka á sumrin.

Á sumrin þegar gestagangurinn var mestur var útbúin lítil kompa fyrir börnin uppi á geymslulofinu á móti birgðageymslunni til að rýma fyrir gestunum.

Þarna voru líka tíu til tólf borgarbörn yfir sumartímann, mismunandi lengi, í mörg sumur.

Sennilega hefur ekki verið algengt á bóndabæjum að eiga kassamyndavél. Hún var þó til á þessum bæ og mikið tekið af myndum við ýmis tækifæri.

Veði til matar

Í Skógarkoti var mikil veiði: murta og silungur úr Þingvallavatni og rjúpa skotin á haustin, einnig mikil berjatínsla, aðalbláber, bláber og krækiber, sem spruttu við túnfótinn. Það kom sér oft vel að senda krakkana eftir berjum. Gestirnir slógu ekki hendinni á móti því að fá ber og rjóma í eftirrétt.

Veðin var árið um kring, silungurinn allt árið en murtan á haustin í september og fram í október. Við veiðiskapinn voru notuð net. Jóhann geymdi silunginn yfir sumartímann í þró við vík í Þingvallavatni þar sem báturinn var dreginn á land. Þar var silungurinn geymdur lifandi. Það var því auðvelt að senda krakkana eftir silungi þegar óvænta gesti bar að garði.

Á meðan rjúpnatíminn stóð yfir voru rjúpur steiktar og niðursoðnar í dósir og geymdar. Það gat komið sér vel handa gestum sem komu í heimsókn á sumrin. Bóndinn í Vatnskoti, alltaf kallaður Símon í Vatnskoti, lóðaði dósirnar fyrir Jóhann.

Búskaparhættir

Þarna var fjárbúskapur: um þrjú hundruð fjár, þrjár kýr á veturna og tvær kýr til viðbótar á sumrin til að eiga mjólk handa öllum þeim gestum sem þarna áttu leið um. Nokkrir hestar voru nauðsynlegir. Einnig voru hænsni á bænum auk hunda og katta.

Túnið var ekki svo stórt að það dygði fyrir allar skepnurnar. Þá var farið upp á Brúsastaðamýri, fyrir ofan Almannagjá, og heyjað þar. Var jafnvel farið inn á Hofmannaföt en bærinn Hrauntún hafði afnot af henni. Jóhann fékk stundum að heyja þar til að eiga nóg hey handa skepnunum. Á Laugardalsvöllum í Laugardal þurfti hann jafnvel að heyja líka þegar hann vantaði hey. Við heyskapinn hafði hann bróður sinn til hjálpar, Ragnar, sem ólst þarna upp, auk barnanna þegar þau stálpuðust. Ragnar var fæddur 1901 og dvaldist hjá þeim fram yfir tvítugt. Jóhann fékk menn sér til hjálpar á vorin, við sauðburð, heyskap, jarðyrkju og slétta túnið. Eins við gegningar yfir veturinn. Vinnumennirnir gistu í tjöldum á meðan heyannir stóðu yfir. Þeir komu úr sveitunum í kring. Voru það líka vinnuskipti, enda ákaflega mikil samvinna á milli

bændanna. Þegar búið var að ganga frá heyinu var það flutt á hestum að Skógarkoti. Uppi á túni var stór hlaða. Við endann á hlöðunni var hrútakofi og hesthús. Aðeins fjær var langhús fyrir kindurnar. Enn austar í túninu, fyrir austan brunninn, var annað fjárhús svokallað tveggja garða fjárhús. Austur í "Stekk", sem var fyrir austan Ölkofradal, var eins garða fjárhús. Fyrir aftan fjárhúsið var lítil hlaða. Þarna var tún í kring og annar brunnur.

Aðdrættir

Vor og haust var farið til Reykjavíkur til að versla þær nauðsynjar sem þurfti til heimilisins. Einnig var farin kaupstaðarferð fyrir jólin til jólainnkaupa. Öll vara var keypt í miklu magni. Rúsínur og sveskjur voru keyptar í kössum. Hveiti, haframjöl, rúgmjöl og sykur var keypt í sekkjum og kaffi í strigapokum. Öll þessi vara var geymd uppi á háalofti í gamla húsinu í þar til gerðum „byrðum“ eins og þær voru kallaðar. Varan var geymd í sérstökum kistum sem voru lokaðar með kúptum lokum.

Vorverk

Sauðburður hófst í apríl og stóð fram í maí. Allar kindurnar hétu einhverjum nöfnum og allt var skráð niður um sauðburðinn, hvort þær væru einlembdar eða tvílembdar og hvernig sauðburðurinn gekk fyrir sig.

Ullin var þvegin úr keytu. Öllu hlandi var safnað saman í tunnu og geymt sérstaklega fyrir það verk. Var farið með ullina á hestvagni út á Leirar, nálægt þeim stað sem Þjónustumiðstöðin á Þingvöllum er nú. Þar var lítill lækur. Þarna voru búnar til hlóðir, ullin hituð í sjóðheitu vatninu í stórum potti og skoluð í þessum læk. Síðan var farið með hana blauta heim á hestvagni. Hún var breidd úti á túni og þurrkuð. Þá var togið tekið ofan af og þelið, sem eftir var af ullinni, var kembt. Síðan var ullin kembd. Sérstakir kambar voru notaðir til að kemba ullina.

Féð var rekið á fjall inn með Skjaldbreið. Var þar afréttur. Ekki var rekið á fjall fyrr en búið var að rýja og marka lömbin, sem var venjulega fyrst í júlí, en fór þó eftir árferði.

Millirekstur var frá Laugardal og Grímsnesi bæði vor og haust. Þá var alltaf gist í Skógarkoti.

Sumarverk

Fyrst var borið á túnið úr fjóshaugnum ásamt taði en úr fjárhúsunum var tekin svokölluð „skán” með skóflu og hlaðið í köst sem notaður var til eldiviðar. Það sem gekk af var þurrkað og sett í kvörn, skánin möluð í duft og borin á túnið. Hestur dró herfi eftir túninu til að mala skítinn niður í grassvörðinn. Síðan voru stærstu köggglarnir rakaðir burtu til þess að grasið brynni ekki og eyðilegðist. Þeir voru síðan notaðir til eldiviðar.

Sláttur hófst eftir sprettu í júlí. Fyrstu árin var slegið með orfi og ljá en í kringum 1930 var farið að slá með sláttuvél og rakstrarvél. Þegar búið var að slá túnið var reynt að ná í hey annars staðar.

Jón, faðir Ólínu, stóð inni í hlöðunni þegar heybandið var flutt heim og tók á móti því og leysti það með krökkunum þótt blindur væri.

Yfir sumartímann þurfti að fara út á Þingvelli og sækja vatn í gjána.

Haustverk

Smalamennskan hófst í upp úr 22. september. Féð var rekið heim í Þingvallarétt undir Ármannsfelli, rétt hjá Bolabás. Þá komu karlar úr Kjós, Grímsnesi, Laugardal og jafnvel Borgarfirði til að ná í sitt fé af afrétti. Í fyrstu réttum gistu stundum tuttugu karlmenn í Skógarkoti. Börnin gengu úr rúmi fyrir þeim. Þeir sváfu alls staðar, inni í litla herberginu hjá gömlu hjónunum og jafnvel hlaðan var notuð ef með þurfti. Fyrst var féð rekið til slátrunar til Reykjavíkur en flutt á bílum upp úr 1930 þegar Jóhann hafði keypt vörubíl.

Vetrarverk

Vetrarverkin voru mestmegnis að gefa kindum og kúm og mjólka eins og tíðkast hefur frá alda öðli. Rjúpnaveiðin byrjaði á haustin og stóð fram undir jól.

Þá var meiri innivinna, þrjónaskapur og spunnið á rokk áður en spunavélin kom.

Meisarnir, sem heyið var sett í, voru smíðaðir af Jóhanni.

Oft þurfti að bræða snjó handa skepnunum yfir vetrartímann þegar kuldinn var sem mestur. Helst var það fyrir nautgripina. Hestarnir gengu sjálfala og björguðu sér áður en kaldasti tíminn fór í hönd. Venjulega voru þrír til fjórir hestar á bænum yfir

veturinn og voru þeir teknir í hús og settir á fóður upp í Borgarfjörð. Yfir sumartímann voru sex til sjö hestar á bænum. Stundum þurfti að fara með kýrnar niður að Þingvallavatni til að láta þær drekka. Vatnsskortur var aðalvandamálið öll árin í Skógarkoti.

Kvöldvökur

Á kvöldin var lesið inni hjá gömlu hjónunum. Aðallega voru það Íslendinga-sögurnar ásamt ýmsum öðrum bókum og blöðum sem til féllu. Þá sagði afi börnunum líka sögur, enda kunni hann heilu bækurnar utan að, t.d Sögur herlæknisins. Einnig var spilað á spil, krakkarnir spiluðu Marías og Manna en fullorðna fólkið Lomber.

Skólaganga

Farkennari kom á haustin í sveitina og skipti sér á milli þriggja bóndabæja. Börnin dvöldust á þeim bæ þar sem hann var hverju sinni, voru í „heimavist“ í þrjár til fjórar vikur í senn. Þá flutti hann sig á næsta bóndabæ og börnin með. Þau settust á skólabekk sjö ára og voru í þessu námi til þrettán ára aldurs, þ.e. þangað til þau fermdu. Engin skólaganga var eftir það uns þrjú yngstu börnin fóru á Laugarvatns-skóla sextán ára. Frá árinu 1936 var skóli á Kárastöðum sem seinna var fluttur að Efri-Brú.

Leikir

Börnin og „sumarbörnin“ bjuggu sér til „bú“ úr leggjum og kjálkum úr kindahausum. Það þurfti að endurreisa á hverju vori því eftir veturinn var flestallt fokið og týnt. Það voru þeirra „vorverk“. Kjúkur úr löppum voru líka notaðar til leikja. Gestir sem komu í heimsókn á sumrin færðu þeim bolta frá útlöndum. Á veturna var farið á tunnuskíði og skauta. Föðurbróðir þeirra smíðaði skautana úr tré úr tunnugjörðum. Tvær leðurólar voru negldar á skautana, önnur bundin yfir tána og hinni brugðið aftur fyrir hæl og bundið fram fyrir.

Samgöngur

Bílfært varð fyrst úr sveitinni í kaupstaðinn árið 1921. Þá var lagður vegur til Þingvalla vegna konungskomunnar og farið að ferðast á milli á bílum. Eftir árið 1921 var ferðast með hestvögnum á milli til Reykjavíkur til að sækja nauðsynjar.

Þórhallastaðir - Ölkofri

Hlaðan stóð við fjárhúsin. Hesthús og fjárhús stóðu sér. Það var lítið tún við „Stekk“ - gamalt býli sem áður hét Þórhallastaðir. Var það gamalt eyðibýli suðaustur frá Skógarkoti sunnan undir Ölkofrahól, en þar eru rústir, brunnur og túnbleðill umhverfis. Þarna geymdi Jóhann kindur á veturna. Vestan Ölkofrahóls liggur Ölkofradalur, djúp kvos milli klapparhóla og í henni vatnsstæði sem þornar í þurrkatíð. Á Þórhallastöðum bjó Ölkofri, sem bruggaði þingheimi bjór í eina tíð og brenndi Goðaskóg. Sumir telja Þórhallastaði eldra nafn á Skógarkoti.

Flutningur frá Skógarkoti

Árið 1936 brugðu hjónin Ólína Jónsdóttir og Jóhann Kristján Kristjánsson búi og fluttu búferlum að Þóroddsstöðum í Reykjavík. Þá voru synirnir fluttir að heiman en dæturnar fylgdu foreldrum sínum úr sveitinni.

Foreldrar Ólínu voru jarðsett í Þingvallakirkjugarði.

Minningarlundur um Jón Jóhannsson

Þingvallafjárhellir vestri er austan og ofan við Tjarnir hjá Vellankötlum, öðru nafni Vatnsvík, efst í brekkunni. Litlagjá er í brekkubrúninni og sést af veginum. Ef henni er fylgt vestan megin allt til norðurenda er örskammt að hellinum, sem liggur örliðu lægra en þó nærri hábrúninni.

Erfitt er að finna hellinn því að þéttur skógur er í brekkunni og hellispakið er eins og skóglaus bali. Beint niður frá hellinum er klettahvammur, *Skúti*, undir brekkunni. Þar er skógarlundur og minningarsteinn *Jóns Jóhannssonar frá Skógarkoti*. Hellirinn er dimmur, einkum vesturendinn, sem er hæsti og fallegasti hluti hans.

Heimildir

Björn Þorsteinsson. *Þingvallabókin*. Örn og Örlygur, Reykjavík 1986.

Viðtöl við Gretu Jóhannsdóttur, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, 25. janúar, 26. janúar, 28. janúar, 24. mars 1996.

Viðtöl við Herdísi Jóhannsdóttur, Fellsmúla 16, Reykjavík, 2. febrúar, 4. febrúar, 11. febrúar, 16. febrúar, 23. febrúar, 13. mars, 24. mars, 31. mars 1996.